

Ed.

209. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég hefi eigi getað fylgzt með meiri hluta nefndarinnar um afgreiðslu þessa máls. Í frv. er fitjað upp á ýmsum nýmælum, sem sumpart eru þörf, en sumpart óþörf eða lítt möguleg í framkvæmd, og með samþykkt þess yrðu aukin allverulega útgjöld þau, sem eigendur skipa og báta eiga nú við að búa.

Nefndin fékk skipaskoðunarstjóra til viðtals um hin ýmsu ákvæði frumvarpsins, og kom það í ljós í þeim viðræðum, að flm. frv. hefir teft á mjög tæpt vað, er hann fullyrðir í greinargerðinni, að breytingar þær á lögnum, er frv. fer fram á, séu allar gerðar í samráði við skipaskoðunarstjóra. Skipaskoðunarstjóri virtist þvert á móti ósamþykkur hinum mest áberandi breytingum, er í frv. felast.

Út af ákvæðum frv. um hleðslumerki á fiskiskipum hafa Alþingi þegar borizt mótmæli frá fjórðungsþingi fiskideilda Norðlendingafjórðungs og frá hlutafélaginu Huginn á Ísafirði. Báðir þessir aðiljar benda á, að rétt sé að semja reglur um fyrir- komulag á fiskiskipum — mun þar átt aðallega við sildveiðiskip — er forði því, að slys hljótist af hleðslu slíkra skipa. Í erindi hlutafélagsins Huginn, sem er mjög ýtarlegt, er bent á önnur úrræði í þessu efni en í frv. felast, og virðast þau gefa meiri tryggingu fyrir raunverulegu öryggi heldur en hleðslumerkisákvæðin ein, sem

búast mætti við, að erfitt yrði að fá sjómenn til að framfylgja, þegar veiði byðist. Þótt þessi eini aðili, sem hér var nefndur, hafi bent á nokkur haldkvæm ráð, telur minni hl. rétt, að svona atriði og fleiri þessu lík séu athuguð gaumgæfilega af sérfróðum mönnum utanþings, áður en lögfest eru ákvæði í þessu efni.

Þetta mætti vel gera í vetur, áður en þing kemur saman næst, þannig að full not gætu orðið að slíkum fyrirmælum á næstu sildarvertíð, ef þau yrðu sett á Alþingi því, er saman kemur eftir næstu áramót.

Minni hlutinn er fylgjandi því, að með löggjöf um eftirlit skipa og báta séu settar allar þær skorður, sem framkvæmanlegar eru og viðráðanlegar sökum kostnaðar, til þess að tryggja öryggi þeirra, sem á sjónum eru, en þetta má bezt verða þann veg, að unnið sé að undirbúningi slíkrar lagasetningar af mönnum, er hafa yfir fjölhæfri þekkingu að ráða á þessu sviði.

Á síðasta ári var stofnað Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, er háði hið fyrsta þing sitt í júníbyrjun. Þetta samband tekur til allrar formanna- og fiskimannastéttar landsins, og er, úr því það er stofnað, hinn eðlilegasti aðili til að vera leiðbeinandi fyrir Alþingi um þau mál, er varða farmennsku og fiskiveiðar.

Minni hlutanum er það kunnugt, að Farmanna- og fiskimannasambandið óskar að eiga þátt í því að endurbæta þá löggjöf, er nú gildir um eftirlit með skipum, en ekki verður það séð af greinargerð þess frv., er hér ræðir um, að þessir fulltrúar hinna reyndustu og bezt menntuðu meðal hinnar islensku sjómannastéttar hafi unnið að þeim breytingum, sem með frv. er farið fram á að lögfesta. Þykir minni hl. þetta gegna furðu.

Í sambandi við þetta má benda á það, að hvergi er gert ráð fyrir því í þessu frv., að leitað sé til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um atriði, er framkvæmd laganna snertir. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að Alþýðusamband Íslands sé haft til ráðuneytis um ákveðin atriði, og má þó vissulega ætla, að Farmanna- og fiskimannasambandið væri þarna réttari aðili.

Þegar þess er gætt, að flm. hefir engan veginn haft þann stuðning skipaskoðunarstjóra að nýmælum sínum, er hann hefir gefið í skyn í greinargerðinni, og hins, að flm. virðist ekki hafa haft til ráðuneytis aðra sérfróða menn við samning frv., og þegar ennfremur þess er gætt, hversu nauðsynlegt er, að þær einar reglur séu lögfestar, sem eru við hæfi bæði áhafnar og eigenda skips í þeim efnum, er hér ræðir um, virðist full þörf á því, að frv. þetta og yfirleitt lögin um eftirlit með skipum fái athugun milli þinga, svo að tillögur um endurbætur löggjafarinnar um eftirlit með skipum, undirbúnar af sérfróðum mönnum og hinum réttu aðiljum, geti legið fyrir næsta þingi.

Samkvæmt framansögðu vil ég því leggja til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fram fara fyrir næsta þing gagngerða endurskoðun á lögum nr. 93 3. maí 1935, um eftirlit með skipum, enda verði tilkvaddir skipaskoðunarstjóri ríkisins og fulltrúi fyrir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands ásamt fulltrúum sjómannafélaga í hverjum landsfjórðungi, og leggi tillögur þessara aðilja fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. nóv. 1937.

Jóhann Þ. Jósefsson.